



Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegur 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2007  
Tilvísun: 2007110011  
Bréfalykill: 22.2

**Efni: Borun tveggja gufuhola fyrir Reykjanesvirkjun, Reykjanesbæ. Tilkynning vegna ákvörðunar um matsskyldu.**

Orkustofnun hefur borist ósk um umsögn um ofangreint málefni, dags. 12. nóvember 2007. Orkustofnun fjallar um mál af þessu tagi með hliðsjón af nýtingu auðlindarinnar, og hugsanleg áhrif hennar á aðra nýtingarhagsmuni, sem varða þá auðlind sem um ræðir eða aðrar auðlindir sem eru á verksviði hennar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (nr. 57/1998 m.s.br.). Með erindinu fylgir greinargerð Hitaveitu Suðurnesja, *Borun tveggja gufuhola á Reykjanesi, tilkynning um matsskyldu*.

Hitaveita Suðurnesja áformar að stefnubora tvær hávermisholur frá borteigum RN-10 og RN-11. Áformað er að holurnar nái um 800 m til suðurs frá borteigunum, og nokkuð suður fyrir skilgreint iðnaðarsvæði, á allt að 1200 m dýpi. Tilgangur borunar er að vinna gufu úr gufupúða sem myndast hefur sökum þrýstilækkunar í jarðhitakerfinu. Þrýstilækkunin er afleiðing af vinnslu Hitaveitu Suðurnesja út frá nýtingarleyfi, sem gefið var út 2. apríl 2004. Orkustofnun telur að það komi jarðhitakerfinu til góða að auka vinnslu úr gufupúðanum með tveimur nýjum holum í stað þess að ná í orkuna úr einfasa hluta jarðhitakerfisins. Með slíkri nálgun þarf minna magn af vökva þar sem vermið er hærra og því reynir ekki eins mikið á einfasa hluta jarðhitakerfisins. Aukin vinnsla úr tvífasa hluta kerfisins (gufupúðanum) í stað vinnslu úr einfasa hlutanum getur því dregið úr þeim hraða niðurdrætti sem átt hefur sér stað. Orkustofnun telur mikilvægt að Hitaveita Suðurnesja fylgist grannt með þrýstibreytingum í bæði einfasa og tvífasa hluta kerfisins svo hægt sé með góðu móti að meta áhrif vinnslunnar.

**Niðurstaða:**

Sú vinnsla sem stefnt er að með ofangreindum borunum tryggir aukna nýtni þeirrar frumorku sem numin er úr jarðhitakerfinu. Vinnslan á rætur að rekja til háhitakerfis sem Hitaveita Suðurnesja hefur leyfi til að nýta, og telur Orkustofnun hana ekki líklega til að valda verulegum umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson

Jónas Ketilsson

